

**Nd.**

**608. Nefndarálit**

[55. mál]

um frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Í frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi er m. a. kveðið á um lögboðnar fjárveitingar til Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans. Skv. frumvarpinu skal ríkið greiða rekstrarkostnað skólanna að fullu, rekstur heimavistar að 80 af hundraði og af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis, heimavistar, sem byggt verður eftir gildistöku laganna, sama hlutfall.

Þrátt fyrir þá umtalsverðu stórauðnu fjármuni, sem þannig munu renna til þessara skóla úr ríkissjóði, er ekki gert ráð fyrir að eignarhlutur ríkisins eða hlutdeild þess í stjórnun skólanna sé viðurkenndur. Brtt. meiri hl. nefndarinnar breyta hér litlu sem engu.

Slík tilhögun brýtur í bága við reglur, sem gilda almennt um skólastofnanir sem ríkið stendur að í samvinnu við aðra, t. d. sveitarfélög, og fæ ég ekki komið auga á nein þau rök, er mæli með því að einkaaðilar njóti forréttinga umfrani sveitarfélög að því er varðar umráð yfir almannafé.

Ég leyfi mér því að flytja brtt. við frv. sem prentaðar eru á þingskjali 609.

Alþingi, 7. maí 1975.

Svava Jakobsdóttir.